

Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn á Hvanneyri 31. mars 2014

Mætt eru Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Lárus Pétursson og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

1. Fundargerðir frá 1.okt 2013, 14. nóv 2013 og 25. febrúar 2013 yfirfarnar og samþykktar.
2. Ársreikningur 2013 lagður fram og ræddur. Tap ársins er 5,4 mkr., heildartekjur eru 93,0 mkr., þar af er hagnaður af sölu fullvirðisréttar 9 mkr. Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða eru 90,3 mkr. Afskriftir eru 5,0 mkr. og fjármagnsliðir neikvæðir um 2,3 mkr. Eigið fé er jákvætt um 12,5 mkr. og heildarskuldir 41,5 mkr.
Í umræðum kom m.a. fram að allt kapp bæri að leggja á að reka félagið án halla á árinu 2014. Lagðar hafa verið fram hugmyndir um breytingar á rekstrinum sbr fundargerð 25. feb 2014 og fyrir liggja ákvarðanir m.a. um að falla að verulegu eða öllu leyti frá kornrækt á yfirstandandi ári. Þá er áhersla lögð á að auka mjólkurgæði. Stjórnin staðfesti ársreikninginn með undirritun.
3. Aðalfundur. Stefnt er að aðalfundi 16. apríl. Rætt um að boða fagráð á aðalfund og óska eftir aðstoð af þess hálfu m.a. við að gera áætlun um endurræktun og fóðuröflun. Farið yfir ýmis atriði sem varða undirbúning aðalfundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.